

Innviðaráðuneytið

Reykjavík, 18. ágúst 2026

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um hvítbók um byggðamál

Mannréttindastofnun Íslands fagnar framkominni hvítbók um byggðamál og telur hana almennt vel unna og útfærða. Tekur stofnunin heils hugar undir þau markmið að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun og tækifærum til atvinnu óháð búsetu. Telur stofnunin sérstaklega jákvætt að þess sé getið að markmiðunum sé ætlað að ná til allra hópa/einstaklinga samfélagsins og þá ekki síst þeirra sem eru á einhvern hátt í viðkvæmri stöðu.

Mannréttindamiðuð nálgun

Mannréttindastofnun saknar þess þó að í hvítbókinni sé vísað til mannréttindamiðaðrar nálgunar, þó áherslan sé vissulega á jöfnuð og jafnt aðgengi allra hópa fólks. Réttur fólks til mannlegrar reisnar og virðingar til jafns við aðra er tryggður í alþjóðlegum mannréttindasamningum, svo sem samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Þrátt fyrir að í hvítbókinni sé vissulega vikið að réttindum mismunandi hópa og hún kveði á um aðgerðir til að jafna stöðu allra óháð fötlun, búsetu, aldri, uppruna o.fl. mætti þó að mati Mannréttindastofnunar endurspeglar þessi réttindi skýrar í aðgerðum og texta hvítbókarinnar.

Fatlað fólk

Í hvítbókinni er ekki að finna sérstaka aðgerð eða umfjöllun um stöðu fatlaðs fólks. Tekur stofnunin undir athugasemdir ÖBÍ, einkum varðandi aðgengilega innviði, húsnaðisframboð og atvinnuþátttöku. Á blaðsíðu 33 í hvítbókinni segir að áætlunin styðji við markmið um jafnt aðgengi fólks með fötlun að þjónustu og samfélagsþátttöku

óháð búsetu, en þó inniheldur hvítbókin enga mælanlega þætti eða sérstakar aðgerðir þessu lútandi.

Í byggðastefnu ætti jafnframt að leitast við að raungera þau réttindi sem þegar eru lögbundin en ekki virk í framkvæmd, svo sem akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Í framkvæmd hefur verið misbrestur á slíkri þjónustu, m.a. hvað varðar öryggi og aðgengi og gefur auga leið að skortur á slíkri þjónustu eða ófullnægjandi þjónusta getur haft mikil áhrif á möguleika einstaklings til að nýta ýmis réttindi sín, til að mynda takmarkað aðgang að menntun, vinnu og heilbrigðisþjónustu. Eitt sem nefnt hefur verið í þessu sambandi er skortur á akstursþjónustu milli byggðalaga, sem leitt hefur til þess að fatlaðir einstaklingar hafa ekki getað sótt sér vinnu eða menntun sem þeim þó stendur til boða.

Samráð

Í hvítbókinni er vísað til þess að samráð hafi verið haft við hagaðila um meginmarkmið og almennar áherslur og að hagaðilum og öllum almenningi hafi verið gefinn kostur á að taka þátt og leggja fram sjónarmið um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir til úrlausnar tilteknu viðfangsefni.

Mannréttindastofnun Íslands minnir á að samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 80/2025, er náið samráð við fatlað fólk um ákvörðunarferli er varðar málefni fatlaðs fólks áskilið, sbr. 4. mgr. 4. gr. samningsins. Þá ber samkvæmt 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, að hafa samráð við börn um öll sem varða þau. Hafa stjórnvöld því lagalega skyldu til þess samráðs og ber að leita sérstaklega eftir sjónarmiðum fatlaðs fólks og barna við gerð stefnu um byggðamál.

Mannréttindastofnun hvetur því til þess að sérstakt samráð verði haft við fatlað fólk og börn og ungmenni. Gæti slíkt samráð meðal annars farið fram með samtali við

notendaráð fatlaðs fólks og ungmennaráð sveitarfélaga. Enn fremur hvetur stofnunin til samráðs við aðra viðkvæma hópa, svo sem fólk af erlendum uppruna og eldra fólk.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um byggðaaætlun eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri